



Samanburður á fjölda tilkynninga til
barnaverndarnefnda á fyrstu þremur
mánuðum áranna 2020 - 2022

ÁGÚST 2022

Við lok árs 2021 var Barnaverndarstofa lögð niður og ný stofnun, Barna- og fjölskyldustofa tók við. Mánaðarlega skiluðu barnaverndarnefndir sískráningu tilkynninga, þ.e. tölulegar upplýsingar varðandi tilkynningar, til Barnaverndarstofu og er nú sömu upplýsingum skilað til Barna- og fjölskyldustofu. Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna á fyrstu þremur mánuðum árána 2020, 2021 og 2022. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast árlega á vefsíðu Barna- og fjölskyldustofu.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fækkaði á fyrstu þremur mánuðum ársins 2022 miðað við sama tímabil árið á undan. Fjöldi tilkynninga á fyrstu þremur mánuðum ársins 2022 var 3.168 en voru 3.565 á sama tímabili 2021. Tilkynningum fækkaði í öllum landshlutum, sé miðað við fyrstu þrjú mánuði ársins 2021.

Flestar tilkynningar á fyrstu þremur mánuðum ársins 2022 voru vegna vanrækslu líkt og árin á undan eða 44,1% tilkynninga. Þetta hlutfall var 43,9% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2021 og 43% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2020. Næst flestar tilkynningar voru vegna ofbeldis, eða 28,1% allra tilkynninga. Er það svipað hlutfall og á fyrstu þremur mánuðum ársins 2020. Hlutfall tilkynninga vegna áhættuhegðunar barna var 27,3% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2022. Á sama tímabili árið 2021 var þetta hlutfall 28,2% en 27,6% fyrir sama tímabil árið 2020. Hlutfall tilkynninga þar sem að heilsu eða lífi ófæddis barns var stefnt í hættu var um 0,5% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2022 sem er lægra hlutfall en síðustu ár.

Tilkynningum hefur fækkað nokkuð samanborið við fyrstu 3 mánuði 2021 og á það við um flest alla flokka. Aftur á móti eru tveir flokkar sem skera sig þar úr: annars vegar tilkynningar er varða vanrækslu varðandi nám, sem hefur fjölgað um 8,9%, og tilkynningar er varða erfiðleika barns í skóla en þeim hefur fjölgað um 11,8%.

Frá áramótum hefur sískráning barnaverndarnefnda verið unnin samkvæmt uppfærðu Skilgreiningar- og flokkunarkerfi í Barnavernd. Hér er um að ræða fjórar megin breytingar: 1) breyting á orðnotkun. Í eldri skýrslum var vísað til heimilisofbeldis þegar börn urðu vitni af ofbeldi af hálfu náins aðila. Nú hefur verið vikið frá þeirri orðanotkun og vísað til tilfinningalegs ofbeldis af hálfu náins aðila, 2) undirflokkum var bætt við í flokkana *líkamlegt ofbeldi* sem og *kynferðisofbeldi* þar sem skal skrá ef barnið verður fyrir ofbeldi af hendi náins aðila, 3) undirflokkur var bætt við flokkinn *kynferðisofbeldi* þar sem skal skrá hvort tiltekin tilkynning varðar *stafrænt kynferðisofbeldi*, 4) tveimur flokkum tilkynnenda bætt við, sem áður höfðu fallið undir flokkinn *aðrir*. Hér er um að ræða *annað nærumhverfi barns* annars vegar og *íþróttir og tómstundastarf* hins vegar. Undir *annað nærumhverfi barns* falla tilkynningar sem berast frá nærumhverfi barns en átti ekki heima undir *foreldrar, ættingjar* eða *nágrannar*. Í þennan flokk færu til dæmis tilkynningar frá bæjarbúum, stjúppforeldrum, fyrrum stjúppforeldrum og foreldrum vina eða bekkjarfélaga.

Þessi nýja skráning gefur betri mynd á eðli tilkynninga sem berast barnaverndarnefndum. Á fyrstu þremur mánuðum ársins 2022 má til dæmis sjá að 52,7% tilkynninga vegna tilfinningalegs ofbeldis vörðuðu ofbeldi af hálfu náins aðila. Á fyrstu þremur mánuðum ársins 2022 má sjá að 31,7% tilkynninga sem bárust nefndum vegna líkamlegs ofbeldis voru af hendi náins aðila. Þá voru um 28% allra tilkynninga um kynferðisofbeldi af hendi náins aðila og 15,5% tilkynninga um kynferðisofbeldi voru vegna stafræns kynferðisofbeldis.

Flestar tilkynningar bárust frá lögreglu, eða 32,5% tilkynninga á fyrstu þremur mánuðum ársins 2022, en það er lægra hlutfall en á sama tímabili árið 2021. Tilkynningum frá skólum og heilbrigðiskerfinu frá janúar fram í mars 2022 voru heldur færri en á sama tímabili árið 2021 en þó fleiri en árið þar áður.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á fyrstu þremur mánuðum ársins 2022 var 2.526 börn en sambærileg tala fyrir árið á undan var 2.854 börn en 2.427 börn á sama tímabili árið 2020. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu þrjú mánuðir 2020		Fyrstu þrjú mánuðir 2021		Fyrstu þrjú mánuðir 2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	1.265	41,7	1.382	38,8	1209	38,2
Nágrenni Reykjavíkur ¹	767	25,3	963	27,0	849	26,8
Landsbyggð	1.001	33	1.220	34,2	1110	35,0
Samtals	3.033	100	3.565	100	3.168	100

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.


Fjöldi tilkynninga skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu þrjú mánuðir 2020		Fyrstu þrjú mánuðir 2021		Fyrstu þrjú mánuðir 2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	1.690	55,7	1.822	51,1	1.673	52,8
Stúlkur	1.318	43,5	1.716	48,1	1.477	46,6
Stálp ¹	0	0	2	<0,1	2	<0,1
Ekki vitað ²	25	0,8	25	0,8	16	0,5
Samtals	3.033	100	3.565	100	3.168	100

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019

²Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

Fjöldi tilkynninga



¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Landsvæði	Fyrstu þrjú mánuðir 2020		Fyrstu þrjú mánuðir 2021		Fyrstu þrjú mánuðir 2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	932	38,4	1.064	37,3	896	35,5
Nágrenni Reykjavíkur ¹	653	26,9	774	27,1	693	27,4
Landsbyggð	842	34,7	1.016	35,6	937	37,1
Samtals	2.427	100	2.854	100	2.526	100

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu þrjú mánuðir 2020		Fyrstu þrjú mánuðir 2021		Fyrstu þrjú mánuðir 2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	1.363	56,2	1.504	52,7	1.322	52,3
Stúlkur	1.051	43,3	1.329	46,6	1.189	47,1
Stálp ¹	0	0	2	0,1	2	0,1
Ekki vitað ²	13	0,5	19	0,7	13	0,5
Samtals	2.427	100	2.854	100	2.526	100

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019

²Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun

	Fyrstu þrjú mánuðir 2020		Fyrstu þrjú mánuðir 2021		Fyrstu þrjú mánuðir 2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Ákveðið var að hefja könnun²	1.728	71,2 ¹	2.027	71,0 ¹	1770	70,1 ¹
<i>Drengir</i>	929	53,8	1.018	50,2	911	51,5
<i>Stúlkur</i>	786	45,5	999	49,3	851	48,1
<i>Stálp eða ekki vitað³</i>	13	0,7	10	0,5	8	0,5
Þar af nýjar kannanir	728	30,0 ¹	916	32,1 ¹	793	31,4 ¹
<i>Drengir</i>	386	53,0	445	48,6	400	50,4
<i>Stúlkur</i>	335	46,0	458	50,0	388	48,9
<i>Stálp eða ekki vitað³</i>	7	1,0	13	1,4	5	0,6

¹Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um.

²Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)

³Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Hér getur því verið um að ræða barn sem fellur utan kynjatvíhyggju eða ófætt barn.

Ástæður tilkynninga¹

Barnaverndarnefndir flokka hverja tilkynningu eftir eðli eða meginástæðu tilkynningar, vanrækslu, ofbeldi, áhættuhegðunar barns eða þar sem tilkynnandi telur að heilsa eða líf ófædds barns sé í hættu. Aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu.

	Fyrstu þrjú mánuðir 2020		Fyrstu þrjú mánuðir 2021		Fyrstu þrjú mánuðir 2022	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Vanræksla	1.304	43	1.564	43,9	1.398	44,1
Ofbeldi	861	28,4	970	27,2	889	28,1
Áhættuhegðun barna	838	27,6	1.004	28,2	863	27,3
Vegna ófædds barns	30	1,0	25	0,7	16	0,5
Alls	3.033	100	3.565¹	100	3.168¹	100

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Auk þeirra tilkynninga sem hér eru rakin, bárust 2 tilkynningar þar sem viðkomandi barn féll utan kynjatvíhyggju. Vegna persónuverndarsjónarmiða koma ástæður þeirra tilkynninga ekki fram í töflunni hér að ofan en eru inn í heildarfjölda tilkynninga, 3.565 tilkynningar.

Ástæður tilkynninga, undirflokkar

Líkt og áður segir má aðeins merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokka fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Auk þeirra tilkynninga sem hér eru rakin, bárust 2 tilkynningar þar sem viðkomandi barn féll utan kynjatvíhyggju. Vegna persónuverndarsjónarmiða koma ástæður þeirra tilkynninga ekki fram í töflunum hér að neðan.

Vanræksla, undirflokkar	Fyrstu þrjú mánuðir 2020		Fyrstu þrjú mánuðir 2021		Fyrstu þrjú mánuðir 2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Vanræksla	1.304		1.564		1.398	
<i>Drengir</i>	656	50,3	772	49,4	727	52,0
<i>Stúlkur</i>	648	49,7	792	50,6	671	48,0
Líkamleg vanræksla	60		64		67	
<i>Drengir</i>	34	56,7	33	51,6	39	58,2
<i>Stúlkur</i>	26	43,3	31	48,4	28	41,8
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	1.102		1.339		1.192	
<i>Drengir</i>	542	49,2	666	49,7	608	51,0
<i>Stúlkur</i>	560	50,8	673	50,3	584	49,0
Þar af foreldrar í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu	494		514		437	
<i>Drengir</i>	240	48,6	254	49,4	220	50,3
<i>Stúlkur</i>	254	51,4	260	50,6	217	49,7
Vanræksla varðandi nám	82		101		110	
<i>Drengir</i>	54	65,9	43	42,6	52	47,3
<i>Stúlkur</i>	28	34,1	58	57,4	58	52,7
Tilfinningaleg vanræksla	88		119		91	
<i>Drengir</i>	44	50,0	62	52,1	46	50,5
<i>Stúlkur</i>	44	50,0	57	47,9	45	49,5

Ofbeldi, undirflokkar	Fyrstu þrjú mánuðir 2020		Fyrstu þrjú mánuðir 2021		Fyrstu þrjú mánuðir 2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Ofbeldi	861		970		889	
<i>Drengir</i>	448	52,0	442	45,6	403	45,3
<i>Stúlkur</i>	413	48,0	528	54,4	486	54,7
Tilfinningalegt ofbeldi	529		541		484	
<i>Drengir</i>	277	52,4	262	48,4	249	51,4
<i>Stúlkur</i>	253	47,8	279	51,6	235	48,6
þar af hálfu náins aðila ¹	195		279		255	
<i>Drengir</i>	111	56,9	141	50,5	135	52,9
<i>Stúlkur</i>	84	43,1	138	49,5	120	47,1
Líkamlegt ofbeldi	215		248		230	
<i>Drengir</i>	131	60,9	135	54,4	123	53,5
<i>Stúlkur</i>	84	39,1	113	45,6	107	46,5
þar af hendi náins aðila	-		-		73	
<i>Drengir</i>	-	-	-	-	43	58,9
<i>Stúlkur</i>	-	-	-	-	30	41,1
Kynferðisofbeldi	120		224		161	
<i>Drengir</i>	34	28,3	67	29,9	27	16,8
<i>Stúlkur</i>	86	71,7	157	70,1	134	83,2
þar af hendi náins aðila ²	-		-		45	
<i>Drengir</i>	-	-	-	-	6	13,3
<i>Stúlkur</i>	-	-	-	-	39	86,7
þar af stafrænt kynferðisofbeldi ³	-		-		25	
<i>Drengir</i>	-	-	-	-	2	8,0
<i>Stúlkur</i>	-	-	-	-	23	92,0


¹Í eldri skýrslum var vísað til heimilisofbeldis þegar börn urðu vitni af ofbeldi af hendi náins aðila. Nú hefur verið vikið frá þeirri orðnotkun og vísað til tilfinningalegs ofbeldis af hálfu náins aðila.

²Frá áramótum voru nefndar beðnar um að skrá ef að tilkynning vegna líkamlegs eða kynferðislegs ofbeldis væru vegna gruns um ofbeldis af hálfu náins aðila. Hér eru ekki til samanburðarhæfar tölur frá fyrri árum.

³Frá áramótum voru nefndir beðnar um að skrá ef að tilkynning vegna kynferðislegs ofbeldis væri vegna stafræns kynferðisofbeldis.

Áhættuhegðun barna, undirflokkar	Fyrstu þrjú mánuðir 2020		Fyrstu þrjú mánuðir 2021		Fyrstu þrjú mánuðir 2022	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Áhættuhegðun barna	838	27,6	1.004	28,2	863	
<i>Drengir</i>	582	69,5	605	60,3	548	63,5
<i>Stúlkur</i>	256	30,5	399	39,7	315	36,5
Neysla barns á vímuefnum	137		177		154	
<i>Drengir</i>	83	60,6	107	60,5	97	63,0
<i>Stúlkur</i>	54	39,4	70	39,5	57	37,0
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	320		359		290	
<i>Drengir</i>	188	58,8	155	43,2	144	49,7
<i>Stúlkur</i>	132	41,3	204	56,8	146	50,3
Afbrot barns	137		191		138	
<i>Drengir</i>	113	82,5	145	75,9	107	77,5
<i>Stúlkur</i>	24	17,5	46	24,1	31	22,5
Barn beitir ofbeldi	177		192		181	
<i>Drengir</i>	155	87,6	154	80,2	154	85,1
<i>Stúlkur</i>	22	12,4	38	19,8	27	14,9
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	98		110		123	
<i>Drengir</i>	64	65,3	56	50,9	63	51,2
<i>Stúlkur</i>	34	34,7	54	49,1	60	48,8

Ástæður tilkynninga



Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu

Fram til ársins 2021 var tilkynnandi beðinn um að meta hvort hann teldi barn í yfirvofandi hættu. Frá og með 1. janúar 2021 er það hlutverk barnaverndarstarfsmanna að meta hvort þeir telji barn í yfirvofandi hættu

	Fyrstu þrjú mánuðir 2020		Fyrstu þrjú mánuðir 2021		Fyrstu þrjú mánuðir 2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu	189	100	181	100	164	100
<i>Drengir</i>	97	51,3	80	44,2	92	56,1
<i>Stúlkur</i>	89	47,1	96	53,0	70	42,7
<i>Stálp eða ekki vitað¹</i>	3	1,6	5	2,8	2	1,2

¹ Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvívýggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Hér getur því verið um að ræða barn sem fellur utan kynjatvívýggju eða ófætt barn.

Tilkynnendur

	Fyrstu þrír mánuðir 2020		Fyrstu þrír mánuðir 2021		Fyrstu þrír mánuðir 2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Barnið sjálft	23	0,8	20	0,6	13	0,4
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	173	5,7	197	5,5	165	5,2
Nágrannar	234	7,7	219	6,1	157	5,0
Annað nærumhverfi barns ¹	-	-	-	-	155	4,9
Önnur barnaverndarnefnd	52	1,7	31	0,9	55	1,7
Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu	69	2,3	100	2,8	101	3,2
Lögregla	1.109	36,6	1.308	36,7	1031	32,5
Skólaþjónusta	482	15,9	606	17,0	521	16,4
Leikskóli/gæsluforeldri	46	1,5	56	1,6	57	18
Íþróttir/tómstundastarf ²	-	-	-	-	20	0,6
Heilbrigðisþjónusta	319	10,5	410	11,5	398	12,6
Foreldrar barns	242	8	259	7,3	232	7,3
Aðrir	284	9,4	359	10,1	263	8,3
Samtals	3.033	100	3.565	100,0	3168	100,0

¹ Hér er um að ræða nýjan flokk tilkynnenda sem tekinn var upp um áramót 2021/2022 og áður voru flokkaðir sem *aðrir*. Í þennan flokk fara til dæmis tilkynningar frá bæjarbúum, stjúpföreltrum, fyrrum stjúpföreltrum og foreldrum vina eða bekkjarfélaga.

² Hér er um að ræða nýjan flokk tilkynnenda sem áður voru flokkaðir sem *aðrir*.